

LÖG KLÚBBBS MATREIÐSLUMEISTARA

Efnisyfirlit:

1. grein Nafn
2. grein Tilgangur og markmið
3. grein Félagsmenn
4. grein Deildir innan Klúbbs matreiðslumeistara
5. grein Árgjald
6. grein Stjórn
7. grein Ábyrgð stjórnar
8. grein Aðalfundur
9. grein Félagsfundir
10. grein Orður á vegum K.M.
11. grein Heiðursfélagar
12. grein Andlát
13. grein Slit klúbbsins
14. grein Staðfesting á lögum

1. grein NAFN:

- 1.1 Nafn klúbbsins er Klúbbur Matreiðslumeistara, skammstafað K.M.
- 1.2 Klúbburinn er óháður stjórnmalaflokkum og kjarabaráttu.
- 1.3 Merki og nafn K.M. er eign K.M.
- 1.4 Merki og nafn Kokkalandslíðsins er eign K.M.
- 1.5 Merki og nafn keppinnar Kokkur ársins er eign K.M.
- 1.6 Merki og nafn Ung-kokka Íslands er eign K.M.

2. grein TILGANGUR OG MARKMIÐ:

2.1 að halda fundi og ræða fagleg áhugamál.

2.2 að stuðla að aukinni þekkingu á mat og matreiðslu til eflingar fyrir fagið og til að auka tengsl og kynningu á samtökum norrænna matreiðslumanna NKF og heimssamtökum matreiðslumanna Worldchefs. K.M. er fulltrúi allra matreiðslumanna á Íslandi gagnvart NKF og Worldchefs.

2.3. Að stofnuð séu aðildarfélög að K.M. og skulu þau starfa samkvæmt 5. grein laga K.M.

2.4. Að tryggja öllum félagsmönnum í K.M. jöfn tækifæri.

2.5. Að standa fyrir keppninni Kokkur ársins.

2.6 Að taka þátt í keppnum á vegum NKF.

2.7 Að standa fyrir rekstri Kokkalandliðsins.

2.8 Að halda utan um félagsskapinn Ung-kokkar Íslands.

2.9 Að taka þátt í norðurlandasamstarfi í gegn um NKF.

2.10 Að taka þátt í alþjóðasamstarfi í gegnum Worldchefs.

2.11 K.M. hyggst ná markmiðum sínum með rekstri Kokkalandliða, almennu félagsstarfi, fyrirlestrum, kynningum og styrkjum.

3. grein FÉLAGSMENN:

Félagsmaður getur sá orðið sem er:

3.1 Matreiðslumaður eða Konditor með sveinsbréf.

4. grein DEILDIR INNAN KLÚBBS MATREIÐSLUMEISTARA

4.1

Heimilt er að stofna deildir innan Klúbbs Matreiðslumeistara til að sinna afmörkuðum faglegum, landfræðilegum eða verkefnatengdum þáttum í starfsemi klúbbsins.

4.2

Stofnun deildar skal byggð á skriflegri beiðni til stjórnar K.M. Beiðnin skal að lágmarki innihalda:

a) heiti deildar,

- b) markmið og hlutverk deildarinnar,
- c) lista yfir stofnfélaga deildarinnar, sem skulu vera löglegir félagar í K.M.,
- d) lýsingu á starfsháttum deildarinnar, þar á meðal fundarfyrirkomulagi.

4.3

Stjórn K.M. fjallar um beiðni um stofnun deildar og leggur hana fyrir næsta aðalfund til staðfestingar. Deild telst ekki formlega stofnuð fyrr en aðalfundur hefur samþykkt stofnun hennar.

4.4

Deildir starfa innan ramma laga, stefnu og ákvarðana Klúbbs Matreiðslumeistara og eru ekki sjálfstæðir lögaðilar.

4.5

Formaður deildar fer með fyrisvar hennar gagnvart stjórn K.M. og situr í stjórn klúbbsins samkvæmt grein 5.1.1 laga þessara.

4.6

Deild sem hefur ekki starfað samfellt í tvö ár, eða ekki kosið sér formann og ritara samkvæmt lögum, getur verið lögð niður með samþykki stjórnar K.M. og staðfestingu aðalfundar.

4.7

Deildir sem eiga rétt til setu í stjórn Klúbbs Matreiðslumeistara skulu vera opnar öllum félögum klúbbsins. Aðild að slíkri deild skal ekki háð kyni, aldri, uppruna, trú, stjórnsmálaskoðunum eða öðrum persónubundnum þáttum. Tryggja skal jafnræði og gagnsæi við skráningu og þátttöku í starfi deilda.

5. grein ÁRGJALD:

5.1 Árgjald er ákveðið á aðalfundi.

5.2 Árgjald skal greiða á eða fyrir septemberfund hvers starfsárs. Eindagi félagsgjalda er 1. október ár hvert.

5.3 Félagar 67 ára og eldri eru undanþegnir árgjaldi en halda fullum félagsréttindum, þar á meðal kosningarétti.

5.4 Félagatal K.M. skal vera á heimasíðu klúbbsins. Það er á ábyrgð meðlima að tryggja að upplýsingar séu réttar.

6. grein STJÓRN:

6.1 Stjórn K.M. er æðsta vald K.M. á milli aðalfunda.

6.1.1 Formenn allra deilda K.M. sitja í stjórn.

6.1.2 Deildir innan K.M. kjósa sér sjálfar formenn og ritara árlega. Formenn og ritara eru kjörnir á síðasta deildarfundum fyrir aðalfund K.M. Aðalfundur staðfestir kjör formanna og ritara.

6.1.3 Formenn allra nefnda sitja í stjórn, nema í þeim nefndum sem stjórn skipar.

6.1.4 Formenn og ritara nefnda eru kosnir á aðalfund til tveggja ára í senn og eru þær nefnd um hátíðarkvöldverð, keppni- og dómgæslunefnd, nýliðunarnefnd og viðburðarnefnd.

6.1.5 Formenn nefnda fær fólk með sér í starfið eftir þörfum. Nefndir funda fjórum sinnum á ári að lágmarki og skila fundargerð hvers fundar til framkvæmdaráðs.

6.1.6 Framkvæmdaráð K.M. skipa þrjú félagar; Forseti, varaforseti og gjaldkeri.

6.1.7 Framkvæmdaráð K.M. situr í stjórn.

6.1.8 Framkvæmdaráð K.M. er kosið í heild á aðalfundi til tveggja ára

6.2. Skoðunarmenn reikninga K.M. eru tveir félagar sem eru kosnir til tveggja ára, ásamt varamanni sem kosin er árlega.

6.3 Forseti K.M. á fast sæti í N.K.F. og stjórn tilnefnir annan.

6.3.1 Tveir varamenn eru kosnir til eins árs í senn í stjórn N.K.F.

7. grein STJÓRNARSTÖRF:

7.1 Bókhaldsár K.M. er almanaksárið.

7.2. Stjórnarfundir skulu vera fjórum sinnum á ári en oftast ef forseta þykir nauðsynlegt og ef meirihluti stjórnar krefst þess.

7.3. Rita skal fundargerð fyrir hvern stjórnarfund og hún send út á stjórn eftir fund. Almennir fundir deilda skulu ritaðir og birtir á vef K.M.

7.4 Gjaldkeri innir af hendi öll klúbbgjöld svo og önnur gjöld og færir rekstrarreikning K.M.

7.5 Skoðunarmenn geta krafist þess hvenær sem er að gjaldkeri leggi fram bókhald K.M. til endurskoðunar. Stjórnin hefur einnig rétt til að krefjast endurskoðunar á bókhaldi K.M. hvenær sem er fyrir utan aðalendurskoðun fyrir aðalfund hvers árs.

7.6 Fjáreignir K.M. skal leggja á bankareikning sem skal vera á nafni K.M.

7.7 Aðeins forseti og gjaldkeri skulu hafa prókúru fyrir hönd K.M.

8. grein AÐALFUNDUR:

8.1 Aðalfund skal halda fyrir maí lok ár hvert. Öll aðalfundarboð eiga að innihalda greinilega hvað tekið verður fyrir á fundinum.

Aðalfundarstörf eru:

1. Fundur settur
2. Kosning fundarstjóra
3. Kosning fundaritarara
4. Fundagerð síðasta aðalfundar
5. Skýrsla forseta
6. Skýrsla gjaldkera
7. Skýrslur deilda og nefnda á vegum K.M.
8. Umræður um skýrslur.
9. Lagabreytingar
10. Stjórnarkosningar.
11. Kosning skoðunarmanna reikninga
12. Kosning varamanna í stjórn N.K.F.
13. Félagsgjöld
14. Önnur mál
15. Fundi slitið

8.2 Fundarboð og tillögur að lagabreytingum á aðalfundi á að senda með minnst 15 daga fyrirvara, rafrænt.

8.3 Félagar skulu á aðalfundi bera einkennisklæðnað, kokkajakka, svartar buxur og svarta skó. Þeir félagar sem K.M. hefur heiðrað með orðu skulu bera þær á aðalfundi.

8.4 Aðalfundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Atkvæðisrétt er aðeins hægt að nota með því að mæta á aðalfund og einnig verða félagar að vera skuldlausir við K.M. til að neyta atkvæðisréttar síns.

9. grein FÉLAGSFUNDIR:

9.1 Deildir K.M. skulu halda fund einu sinni í mánuði og kallar stjórn deilda félagana saman til fundar. Fresta má fundi telur stjórnin þörf á því.

9.2 Á félagsfundum skulu félagar bera einkennisklæðnað: kokkajakka, svartar buxur og svarta skó.

9.3 Fundir falla niður mánuðina júní til og með ágúst

10. grein ORÐUVEITINGAR – VIÐURKENNINGAR:

10.1 K.M. getur heiðrað þá klúbbfélaga Cordon Bleu orðunni sem:

10.1.1 Hafa verið mjög virkir í félags- og/eða faglegu starfi K.M. Stjórn K.M. metur það hverju sinni.

10.1.2 Viðkomandi þarf að vera góður fagmaður og hafa gott orð á sér í greininni og vera góður fulltrúi K.M.

10.1.3 Umsókn fer til Orðu-og laganefndar sem gefur umsögn um viðkomandi, en meðlimir stjórnar sem bera Gordon Blue ásamt forseta hefur úrslitavald.

10.2 Stjórn K.M. skipar 5 féлага í Orðu- og laganefnd og einn til vara.

10.2.1 Þeir einstaklingar sem stjórn K.M. skipar í nefndina skulu hafa Cordon Bleu að lágmarki.

10.2.2 Orðu- og laganefnd getur mælt með einstakling og borið undir stjórn, án þess að viðkomandi sæki um.

10.3 Orðu- og laganefnd sér um allar framkvæmdir á orðuveitingum.

10.4 Allir sem fá Cordon Bleu skulu fá skjal frá K.M. um hvers vegna viðkomandi fékk orðuna.

10.5 K.M. hvetur til að orðurnar séu bornar við viðeigandi tækifæri.

10.6 Stjórn K.M. hefur heimild til að svipta féлага orðunni þyki ástæða til.

10.7 Forsetaorðan er afhent kjörnum forseta og berist við öll hátíðleg tækifæri fyrir hönd K.M.

10.8 NKF veitir orðuna Cordon Rouge að fengnum tillögum frá stjórn K.M. og er hún einungis veitt fyrir störf að félagsmálum.

10.9 K.M. heiðrar þá félaga sem tekið hafa þátt í alþjóðlegri matreiðslukeppni með diplóma og þá sem vinna til verðlauna í flokkum landsliða með keppnisorðu.

10.9.1 Sama gildir um þá sem vinna til gullverðlauna í einstaklingskeppnum á alþjóðavísu.

10.9.2 Af hendist hún áletruð með viðeigandi texta, ásamt veggdiplómu með nafni viðtakanda, dagsetningu, keppni, keppnisstað og verðlaunastigi.

10.9.3 Skal þetta veitt á árshátíð K.M.

10.9.4 Í keppnisliði teljast þeir vera sem taka fullan þátt í æfingum og undirbúningi fyrir keppni og keppninni sjálfri á keppnisstað.

10.9.5 Keppnisliðstjóri er ábyrgur fyrir að stjórn K.M. og O.L. nefndin fái réttar upplýsingar hvað þetta varðar.

10.10 K.M. veitir árlega viðurkenningu þeim nema sem hæstu einkunn hlýtur á sveinsprófi í matreiðslu.

10.10.1 Um er að ræða eignargrip annars vegar og hins vegar farandgrip sem verður til varðveislu í Hótel- og Matvælkólanum.

10.10.2 Báðir þessir gripir eru með áletrun sem við á.

11. grein HEIÐURSFÉLAGAR:

11.1 Heiðurfélagi skal tilnefndur af Orðu- og laganefnd en stjórn fer með ákvörðunarvaldið.

11.2 Til að hljóta þessa viðurkenningu þarf viðkomandi að hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu klúbbsins um langan tíma.

11.3 Heiðursorða skal veitt viðkomandi við hátíðlega athöfn á árshátíð K.M.

12. grein ANDLÁT:

12.1 Látist félagsmaður K.M. sér stjórnin um að veita aðstandendum samúð og hlýhug. Félagsfáni skal hafður við útför í samráði við aðstandendur.

13. grein FJÁRHAGSLEGAR SKULDBINDINGAR/SLIT KLÚBBSINS:

13.1 Allar meiriháttar fjárhagslegar sem og aðrar stórar skuldbindingar fyrir K.M. skal ávallt kynna fyrir félagsmönnum og fá samþykki a.m.k. 2/3 hluta félagsmanna á aðalfundi eða eftir atvikum, skjótvirkari lög boðnum leiðum ef þurfa þykir. Stjórn K.M. ákveður þó skynsamleg útgjöld hverju sinni til að tryggja framgöngu liðar 2.1 til 2.11 í lögum K.M.

13.2 Ef til kemur að Klúbbur Matreiðslumeistara verður lagður niður þá þarf samþykki 2/3 allra skráðra félagsmanna á tveim aðalfundum til að samþykkja það. Skal þá eignum/skuldum skipt jafnt á milli skráðra félagsmanna.

13. grein STAÐFESTINGAR Á LÖGUM:

Staðfest á aðalfundi K.M. 9. maí 2026 á Hótel Natur.